

Raforkumálaskrifstofan  
Vatnamælingar

Skilagrein 84  
Vesturl. án vhm

Traðardalsá og Hvammsá í Saurbæ,  
Dalasýslu.

Reykjavík, 21. maí 1954

Sigurjón Rist

Traðardalsá og Hvammsá í Saurbæ,

Dalasýslu.

17. maí 1954.

Dagana 16. og 17. maí 1954 athugaði ég ár í Saurbæ, Dalasýslu, með tilliti til virkjunar fyrir sveitina, sem telur um 30 býli frá Stór-Holti að austan að Tjaldanesi að vestan. Þar kemur helst til greina að ná saman ánum Traðardalsá og Hvammsá og virkja þær í einu orkuveri hjá bænum Kjarlaksvöllum. Staðhættir eru þeir, að parna er rösklega 20 metra náttúrlegt fall á um 300 m leið.

Vestari áin, sem heitir Traðardalsá, fellur niður austan við melhrygg og klettarana ofan við Kjarlaksvelli og brýst þar fram um klettahaft. Hvammsá er þar 200 m norðaustar og er þar um átta metrum hærri, en fer lækkandi til norðurs. Parna er hægur vandi að ná Hvammsá til Traðardalsár.

Ég mældi parna eina línu á milli áanna, sem er á pessa leið. Vatnsborð Hvammsár í hæðinni 0 m.

Hæð m	Lengd m
0 .....	0 Hvammsá
1,3 .....	33
1,4 .....	83 Hæsti hryggur (melur)
+ 2,0 .....	131 Mýri
+ 5,9 .....	200 Klöpp austan Traðardalsár
+ 8,6 .....	200 Traðardalsá, vatnsborð

Sennilega yrði heppilegra að taka Hvammsá upp nokkru neðar, eða bannig að lón ofan við stíflu þar yrði í sömu hæð og inn-takslónið við Traðardalsá.

Klöppin vestan Traðardalsár var um fjóra metra yfir vatnsborði. Stífla, sem hækkar vatnsborðið um pessa fjóra

metra yrði um 35-40 m löng.

Hagkvæmasti staðurinn fyrir stöðvarhús virðist tungusporðurinn á milli ánnar. Nánar til tekið, stöðvarhúsinn yrði sennilega valinn staður rétt fyrir neðan fossinn Gullfoss í Hvammsá.

Halla- og lengdarmæling frá hússtæði upp að vörðunni?

Hæð m	Lengd m
0 .....	0 v.b. Hvammsár (hjá stórum st.)
5,10 .....	27
8,77 .....	71
12,35 .....	133
16,00 .....	165
19,35 .....	192
22,67 .....	232
26,32 .....	290 klöpp hjá vörðu

Vatn.

Hinn 17. maí var rennsli ánnan  $7\text{ m}^3/\text{sek}$ , en þá voru miklir vatnavextir í Dalasýslu. Vatnasvið ánnar samanlagt er  $34\text{ km}^2$ . Ár í Dalasýslu eru að jafnaði vatnslitlar síðla sumars og á vetrum í frostum. Traðardalsá kemur úr Hafratindi (923 m) og dalurinn snýr móti norðri, svo að fannir endast þar lengi fram eftir sumri, af þeim sökum mun vera hlutfallslega meira vatn í henni síðla sumars en öðrum ám í Dalasýslu. Að svo stöddu verður lítið sagt um rennslið, það þarf að athugast síðla sumars og að vetri til. En ætla má að rennslið í báðum ánum til samans sé ekki oft undir  $0,9\text{ m}^3/\text{sek}$ .

Reykjavík, 21. maí, 1954.

S. R. St